

Átjándi fundur Heilbrigðisnefndar Kjósarsvæðis var haldinn 4. maí 2015 í fundarherbergi heilbrigðiseftirlitsins á 5. hæð í Kjarna Þverholti 2, Mosfellsbæ. Fundurinn hófst kl: 17:15

Mættir: Rúnar Bragi Guðlaugsson, Leifur Guðjónsson, Maríanna Hugu­rún Helgadóttir, Magnús Dalberg, Hannes Tryggvi Hafstein, Linda Björk Ragnarsdóttir.

Dagskrá:

1. Ársreikningur 2014

Ársreikningur fyrir árið 2014 var lagður fram.

„Ársreikningur Heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis fyrir árið 2014 var lagður fram til kynningar.“

2. Endurskoðun vatnsverndar á höfuðborgarsvæðinu – Samþykkt um verndarsvæði vatnsbóla höfuðborgarsvæðisins.

Málinu var frestað á síðasta fundi en er nú lagt fram að nýju. Eftirfarandi gögn voru lögð fram. Bréf Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu dagsett 2. mars 2015 þar sem greint er frá afgreiðslu stýrihóps um vatnsvernd þann 20. febrúar 2015 um að afgreiða endurskoðaða samþykkt um vatnsverndarsvæði vatnsbóla og afmörkun vatnsverndarsvæða á höfuðborgarsvæðinu til sveitarstjórna til samþykktar. Til þess að sveitarstjórnir geti afgreitt erindið í samræmi 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir þarf afgreiðsla heilbrigðisnefndar að liggja fyrir. Einnig lögð fram greinargerð um einstakar greinar samþykktarinnar samin af framkvæmdastjórn um vatnsverndarsvæði höfuðborgarsvæðisins, Greinargerð um Vatnsvernd heildarendurskoðun tekin saman af verkfræðstofunni Vatnaskil, Vatnsvernd uppdráttur, Skjal með athugasemdum við uppdrætti ásamt skjali sem inniheldur viðbrögð við athugasemdum.

„Heilbrigðisnefnd samþykkir erindið fyrir sitt leiti og leggur til við Mosfellsbæ og Seltjarnarnesbæ að samþykkt um verndarsvæði vatnsbóla innan lögsagnarumdæma Mosfellsbæjar, Reykjavíkurborgar, Seltjarnarnesbæjar, Kópavogsbæjar, Garðabæjar og Hafnarfjarðarkaupstaðar verði staðfest. Minnt er á fyrirvara um að gildistaka á breyttum svæðum í Mosfellsdal frestast í allt að þrjú ár eftir staðfestingu umhverfisráðherra sbr. kafla 7.2 í greinargerð.“

3. Vorfundur með Umhverfisstofnun, Matvælastofnun og ráðuneytum.

Formaður óskaði eftir leyfi heilbrigðisnefndar til að sækja vorfundinn sem haldinn verður í Mývatnssveit dagana 11.-12. maí 2015 ásamt staðgengli framkvæmdastjóra heilbrigðiseftirlits. Fyrirhuguðum vorfundi var frestað í dag.

„Samþykkt að framkvæmdastjóri og formaður sæki fyrirhugaðan vorfund þegar hann verður boðaður.“

4. Önnur mál

- a. *Heilbrigðisnefnd samþykkir að ársskýrsla verði gerð fyrir árið 2015.*
- b. *Hannes Tryggvi Hafstein leggur fram eftirfarandi bókun: „Á stjórnarfundum Heilbrigðisnefndar Kjósarsvæðis þann 25. ágúst 2014 voru tillögur*

HEILBRIGÐISEFTIRLIT KJÓSARSVÆÐIS

stýrihóps SSH samþykktar og þær settar í auglýsingu þar sem leitað var eftir athugasemdum. Í millitíðinni hafði framkvæmdastjóri Heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis sem er þátttakandi í vatnsverndarverkefninu heitið nefndinni því að hún fengi málið aftur á sitt borð til efnislegrar umfjöllunar sem var forsenda ofangreindrar samþykktar. Á stjórnarfundum heilbrigðisnefndar þann 27. apríl s.l. kom hins vegar í ljós að efnisleg umfjöllun stæði nefndinni ekki til boða og ákvað hún m.a. að fresta tillögu SSH um samþykkt verndarsvæða vatnbóla höfuðborgarsvæðisins til næsta fundar. Daginn eftir hófst einstaklega óviðeigandi atburðarrás þar sem m.a. framkvæmdastjóri SSH óskaði eftir því að nefndin breytti afgreiðslu sinni „í snatri“ og samþykkti tillögur SSH. Slíkt inngríp í störf nefndarinnar verður að teljast með öllu óásættanlegt“

Fundi var slitið kl. 19:48.